

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. apríl 2008

Umsögn samvinnunefndar miðhálandis varðandi frumvarp til skipulagslaga, 374. mál og frumvarp til laga um mannvirki, 375. mál.

Samvinnunefnd miðhálandis hefur í nánú samráði við sveitarstjórnir sem stjórnarsýslu eiga á hálandi starfað á grundvelli Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Samvinnunefndin hefur leitað eftir tillögum hlutaðeigandi sveitarfélaga við mótun svæðisskipulagsins, gætt að samræmingu aðalskipulagsáætlana og svæðisskipulags miðhálandis, auk samræmingar við aðliggjandi sveitarfélög.

Nefndin telur að vegið sé harkalega að skipulagsforræði sveitarfélaganna í landinu með þessu frumvarpi. Gerð er athugasemd við að landsskipulagsáætlunin skuli vera bindandi fyrir aðalskipulagsgerð sveitarfélaganna. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að stjórnarsýsla og ákvarðanataka verði færð ennfrekar frá kjörnum fulltrúum en nú er. Skipulagsstofnun er með þessu frumvarpi falið það hlutverk að sjá bæði um framkvæmd vinnunnar við Landskipulagsáætlun, samræmingu og samráð og að stýra málsmeðferð tillögunnar þar til hún er lögð fram sem drög á þingi.

Í 1. mgr. 11. gr. segir; *“Ráðherra ákveður áherslur landskipulagsáætlunar hverju sinni í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.”* Nefndin telur það mikilvægt að skilgreina aðkomu sambands íslenskra sveitarfélaga að mótun þingsályktunar um landsskipulagsáætlun. Tryggja þarf að sjónarmið allra sveitarfélaga nái að heyrast.

Samvinnunefnd miðhálandis hefur gegnt veigamiklu hlutverki sem þriðji aðili í samskiptum sveitarfélaga um landnýtingu og telur nefndin að slíkur aðili þurfi að vera til staðar þegar skipulagsmál þvera sveitarfélagamörk. Ekki er hægt að sjá í frumvarpinu að Landsskipulagsáætlun muni taka að sér þetta hlutverk samvinnu og málamiðlunar, heldur miklu fremur að móta stefnuna og fylgja henni eftir sem einskonar yfirskipulag ríkisins.

Það var án efa vilji löggjafans við setningu núgildandi skipulagslaga að skipulagsvaldið á hálandinu flyttist frá samvinnunefndinni til sveitarfélaganna. Samvinnunefnd miðhálandis hefur fram að þessu unnið að því markmiði að skila af sér skipulagsvaldinu til sveitarfélaganna árið 2008, eða þegar þau hafa lokið sinni aðalskipulagsvinnu. Það sem breytist við fyrirhugaða lagasetningu er að nú mun samvinnunefndin skila af sér skipulagsvaldinu til ríkisins. Sé það vilji löggjafans nú, þá er mikilvægt að sú ákvörðun sé meðvituð og rökstudd. Fram að þessu hefur nefndinni ekki borist rökstuðningur löggjafans hvers vegna samvinnunefndin eigi að skila af sér skipulagsvaldinu til ríkisins en ekki til sveitarfélaganna. Samvinnunefndin óskar eftir að fá þann rökstuðning og í

Samvinnunefnd um miðhálandi Íslands

framhaldi taka afstöðu til hans. Sá rökstuðningur mun væntanlega draga fram nauðsynlega þörf ríkisins fyrir skipulagsvaldi á hálendinu og um leið auðvelda fulltrúum í samvinnunefnd miðhálandis að taka afstöðu til þessarar grundvallarbreytinga.

Frumvarp til laga um mannvirki 662. mál

Samvinnunefnd miðhálandis áréttar fyrri afstöðu sína um mikilvægi þess að samræma byggingareftilit og skráningu mannvirkja á hálendi Íslands.

Í I kafla í lið b. er þess getið að markmið laganna er m.a að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð og byggð með þeim hætti að þau henti íslenskum aðstæðum ekki síst á hálendi Íslands.

Verkefni byggingareftirlits á miðhálandi hefur verið í höndum margra aðila. Á fundum og í ferðum nefndarinnar um hálendið hefur ítrekað verið áréttað mikilvægi þess að útbúnaðar verði samræmdar reglur um skráningu bygginga á Miðhálandinu. Í svæðisskipulaginu kemur fram að mikilvægt er að kanna hvort þörf sé á sérákvæðum eða sérreglugerðum vegna bygginga á hálendinu s.s varðandi sérstakar kröfur um byggingartækni eða um gæðakröfur til bygginga, útlits og umhverfis.

Þessu er komið á framfæri til að áréttu mikilvægi könnunar um byggingarmál á hálendi m.a. þannig að í kjölfar verði hægt að taka afstöðu til bygginga sem byggðar hafa verið í heimildaleysi.

Virðingarfyllt



Óskar Bergsson

Formaður samvinnunefndar miðhálandis